

Fundargerð

8. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum

23. september 2021 kl. 10:30, húsnæði Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, Reykjavík

Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Einarsdóttir (ÁE), Eggert Ólafsson (EÓ), Gauti Jóhannesson (GJ) og Jón Björn Hákonarson (JBH). Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir (EHP), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG) og Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ) tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Frá Skipulagsstofnun voru Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Magnúsdóttir (HM) sem ritaði fundargerð. Íris Anna Karlsdóttir frá VSÓ ráðgjöf.

Eggert Ólafsson (EÓ) mætti til fundar kl. 10.52.

Jón Björn Hákonarson yfirgaf fundinn kl. 13.26

Dagskrá fundar:

1. Nýtingarflokkar.

EAÁ sagði frá því að Skipulagsstofnun muni leggja til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að nýtingarflokkar fyrir strandsvæðisskipulag verði settir inn í reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags nr. 330/2020. Skipulagsstofnun vinnur að drögum að reglugerðarbreytingu til ráðuneytisins.

Í kjölfar kynningar fór fram umræða um skilgreiningar nýtingarflokka og sveigjanleika hvað varðar skilmála og afmörkun svæða í skipulagi. Rætt var um leyfisveitingar og möguleika á endurskoðun skipulags og sett í samhengi við skipulag á landi. ÁE kom á framfæri fyrirvara um nýtingarflokka og benti á mikilvægi sveigjanleika þar sem um er að ræða almenna og staðbundna nýtingu.

ÁE benti á að óheppilegt væri að skilmálar landnýtingarflokka lægju ekki fyrir samtímis því að unnið væri að því að draga þá upp á kort. Þá upplýsti hún að hún hefði einungis umboð til að kynna sér þær tillögur sem ræddar voru á fundinum og afstaða til þeirra kynni að breytast þegar skilmálar nýtingarflokka lægju fyrir. Þá benti hún á mikilvægi þess að sveigjanleiki milli almenna flokksins og staðbundna flokksins væri tryggður.

Almenn sátt var um kynnt fyrirkomulag.

2. Kynning á fyrstu drögum að nýtingu á skipulagssvæðinu í heild.

Farið var yfir almenn viðmið sem lögð eru til grundvallar þegar svæði er ráðstafað í tiltekinn nýtingarflokk. Íris Anna Karlsdóttir frá VSÓ ráðgjöf sá um kynninguna, en VSÓ hefur unnið með Skipulagsstofnun að frumdrögum að nýtingu strandsvæða fyrir Austfirði. Í framhaldi voru frumdrög kynnt og hver einstakur hluti skipulagssvæðisins tekinn til umræðu út frá mismunandi nýtingarmöguleikum.

Rætt var um sveigjanleika skipulagsins og skilgreiningu svæða. Umræður voru um afmörkun mismunandi verndarsvæða á landi og hafi og áhrif þeirra á nýtingu strandsvæða. Fram kom að Skipulagsstofnun muni funda með Náttúrufræðistofnun Íslands til að ræða áhrif

mismunandi verndarsvæða á nýtingu strandsvæða. ÁE benti á að einnig væri ástæða til að funda með Hafrannsóknarstofnun.

Fyrirliggjandi leyfisumsóknir og leyfisveitingar voru ræddar í sambandi við afmörkun svæða. Einnig var rætt um siglingarleiðir og skörun milli siglinga og staðbundinnar nýtingar. Fram kom að Skipulagsstofnun muni funda með hafnar- og siglingayfirvöldum um afmörkun siglinga í strandsvæðisskipulagi í næstu viku.

Undir þessum dagskrárlið tókst að ljúka fyrstu umfjöllun um nýtingu svæðisins frá Almenningsfles til Fáskrúðsfjarðar, en ekki náðist að ljúka yfirferð yfir syðsta hluta skipulagssvæðisins innan skipulagðs fundartíma. Af þeim sökum var samþykkt að boða til framhaldsfundar þann 28. september, til að ljúka yfirferð frá Stöðvarfirði að Hvítungum.

3. Ferlið framundan.

EAÁ kynnti næstu skref vinnunnar sem felst í útfærslu draga að stefnu, vinnu uppdráttu og umhverfismats. Stefnt er að kynningu á 1. tillögudrögum á fundi svæðisráðs í lok október. Í framhaldi af þeim fundi er áformað að kynna fyrstu drög að heild eða hluta á fundi með samráðshópi sem og sveitar- og hafnarstjórnnum – og halda síðan stuttan fund í svæðisráðinu í kjölfarið til að fjalla um framkomnar athugasemdir. Í lok nóvember eða byrjun desember er stefnt að því að halda fund í svæðisráði og fjalla þar um drög að tillögu.

Ekki voru gerðar athugasemdir við þetta fyrirkomulag.

4. Önnur mál.

Rætt var um umboð svæðisráðs vegna komandi Alþingiskosninga og ríkisstjórnarskipta.

Samþykkt var að gengið yrði frá fundargerð í upphafi aukafundar í næstu viku.

Fundið var slitið klukkan 13.45